



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2016 - 2017 1. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er sumarleyfið að baki og munum við hefja skólastarfið í Síðuskóla með skólasetningu þann 22. ágúst. Í sumar hefur skólinn aldeilis fengið andlitslyftingu. Verið er að leggja lokahönd á að mála hann allan að utan og hafa garðarnir verið snyrtir. Einnig er búið að laga smíðastofuna og kaffistofa starfsfólks hefur verið tekin í gegn. Nú verðum við öll að taka höndum saman og halda skólanum okkar snyrtilegum og fallegum.

Nokkrir nýir starfsmenn hafa bæst í hópinn til okkar. Í sérdeildina hafa bæst við þær Halla Björg Davíðsdóttir þroskajálfi og Matthildur Stefánsdóttir sérkennari. Hólmfríður Sveinmarsdóttir sem hefur verið skólaliði hjá okkur verður stuðningsfulltrúi í sérdeildinni næsta skólaár. Guðrún Elfa Skírnisdóttir er komin aftur til starfa í myndmenntina. Sonja Björk Dagsdóttir mun leysa Kristínu List af á næsta skólaári en Kristín verður í veikindaleyfi. Edda Línberg leysir Elvar Smára af í íþróttunum en hann er að fara í leyfi næsta skólaár. Eftir er að ráða fyrir Veroniku í íþróttakennsluna en Veronika kemur aftur til starfa í desember. Tinna B. Malmquist Gunnarsdóttir skólaliði er að fara í barnsburðarleyfi og á eftir að ráða fyrir hana. Garðar Marvin Hafsteinsson er nýr stuðningsfulltrúi og Helga María Hermannsdóttir nýr hjúkrunarfræðingur. Eins og staðan er í dag þá mun nemendafjöldinn í vetur vera um 400 og starfsfólk 75 þegar búið verður að ganga frá öllum ráðningum. Við bjóðum bæði nýja nemendur og nýtt starfsfólk velkomið í hópinn til okkar.

Skólasetning verður mánudaginn 22. ágúst og nemendur mæta á sal eins og hér segir:

2. - 5. bekkur klukkan 9.00

6. - 10. bekkur klukkan 10.00

Nemendur sem hefja nám í 1. bekk verða boðaðir í viðtal ásamt foreldrum hjá umsjónarkennurum 22. eða 23. ágúst. Einnig nemendur í 7. bekk. Á skólasetningunni mæta nemendur fyrst á sal þar sem skólastjórinn tekur á móti þeim og síðan fara þeir með umsjónarkennurum í sínar heimastofur. Foreldrar eru að sjálfsögðu velkomnir á skólasetninguna og gaman væri að sjá sem flesta.

Það er nauðsynlegt að við sem stöndum að skólanum lítum á okkur sem eina heild hvort sem við erum nemendur, starfsfólk eða foreldrar. Við þurfum að hafa að leiðarljósi einkunnarorð skólans ábyrgð, virðingu og vináttu og vera samstíga í að byggja upp framsækinn og öflugan skóla þar sem allir eru metnir að verðleikum og líður vel.

Með von um gott samstarf á nýju skólaári

Ólöf Inga

Á döfinni:

- 23. ágúst: Kennsla hefst skv. stundaskrá í 2. - 6. bekk og 8. - 10. bekk.
- 22. og 23. ágúst Nemendur í 1. og 7. bekk í viðtölum hjá umsjónarkennurum
- 24. ágúst Kennsla hefst skv. stundaskrá hjá 1. og 7. bekk.
- 25. ágúst: 6. bekkur í siglingu með Húna á Pollinum.



Skólanámskrá og starfsáætlun Síðuskóla




Við viljum minn á heimasíðu skólans, siduskoli.is. Þar er að finna margvíslegar upplýsingar um starfið í skólanum, t.d. starfsáætlun og skólanámskrá. Grunnskólum ber að birta stefnu sína með tvennum hætti eins og grunnskólalög og ný aðalnámskrá grunnskóla gera ráð fyrir. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun. Hér eru hlekkur á það svæði á heimasíðunni þar sjá má þessi tvö skjöl.

<http://siduskoli.is/is/page/skolanamskra>



Námsgagnalistar

Eins og undafarin ár eru námsgagnalistar fyrir 1. - 10. bekk birtir á heimasíðu skólans. Síðustu ár hefur sá háttur verið hafður á að umsjónarkennarar á yngsta stigi hafa tekið að sér að gera hagstæð magninnkaup á nauðsynlegustu námsgögnun fyrir sína bekki. Núna er þetta fyrirkomulag fyrir nemendur í 1. - 6. bekk. Við viljum ítreka við foreldra að gera skil fljótt og vel þegar kostnaðarupplýsingar koma frá umsjónarkennurum.



Ný aðstaða til útikennslu.

Síðastliðið vor var komið upp aðstöðu til útikennslu og útieldunar vestan við skólann.

Þaðvar hverfisnefnd Síðuhverfis sem stóð að framkvæmdinni með aðstoð nemenda og starfsfólks skólans. Þessi framkvæmd er til fyrirmyndar og á án nokkurs vafa eftir að nýtast bæði skólanum og íbúum Síðuhverfis í framtíðinni. Stefnt er að því að vígja svæðið á Akureyrarvökunni.

MATSEÐILL - ÁGÚST /SEPTEMBER 2016



	23.	24.	25.	26.
	Kjötsúpa	Píta m. hakki, grænmeti, sósa	Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, ávextir	Snitzel, st. kartöflur, rauðkál, st. laukur
29.	30.	31.	1.	2.
Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir	Lasagna, snittubrauð	Heilhveitisteiktur fiskur, kartöflur, laukur, sveppir, ostasósa	Pönnukökur m/kjúklingi, grænmeti, salsasósa	Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
5.	6.	7.	8.	9.
Hakk, spaghetí, snittubrauð	Fiskiklattar, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, salatbar	Gúllas, kartöflumús	Ostafylltar fiskisteikur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	Súpa, brauð, grænmeti, ávextir
12.	13.	14.	15.	16.
Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð	Hakkað buff, kartöflur, lauksósa	Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	Kjúklingur, hrísgrjón, maisbaunir, sósa	BKNE þing - enginn skóli
19.	20.	21.	22.	23.
Ýsubitar í karrýkókos, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	Kjöttbollur, kartöflur, rauðkál, gr. baunir, sósa	Ofnbakaður fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	Svínakjöt í súrsætri sósu, hrísgrjón, snittubrauð	Pasta, brauð, grænmeti, sósar
26.	27.	28.	29.	30.
Gratineraður fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	Slátur, kartöflumús, ávextir	Soðinn fiskur, kartöflur, salatbar	Píta m. hakki, grænmeti, sósa	Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð